

L Ö G

um hreppstjóra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hreppstjóri skal vera einn í hverjum hreppi.

2. gr.

Þá er starf hreppstjóra losnar, skal sýslunefnd kjósa hlutbundinni kosningu, ef óskað er, þrjá íbúa í hlutaðeigandi hreppi til hreppstjórastarfs, og skipar sýslumaður einn þeirra hreppstjóra.

3. gr.

Engan má skipa hreppstjóra, nema hann uppfylli eftirtalin skilyrði:

1. Sé svo andlega og líkamlega hraustur, að hann geti gegnt stöðunni.
2. Sé 21 árs að aldri.
3. Sé lögráða og hafi forræði á fé sínu.
4. Sé íslenzkur ríkisborgari.

4. gr.

Nú uppfyllir hreppstjóri eigi lengur skilyrði 3. gr., og skal sýslumaður þá leysa hann frá störfum. Enn fremur skal sýslumaður leysa hreppstjóra frá störfum, ef hann flyzt brott úr hreppnum.

Í reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur, skal heimilt að ákveða aldurshámark fyrir hreppstjóra, að fenginni umsögn sýslunefnda þar um.

5. gr.

Nú losnar starf hreppstjóra og sýslunefnd hefur eigi gert tillögur samkvæmt 2. gr. Skal sýslumaður þá setja einhvern þann, sem uppfyllir skilyrði 3. gr. sbr. 4. gr., til að gegna starfinu. Á sama hátt getur sýslumaður sett mann til að gegna hreppstjórastarfi um stundarsakir í forföllum hreppstjóra eða til að fara með einstök mál, sem hreppstjóri má eigi fara með.

6. gr.

Hreppstjórar eru umboðsmenn sýslumanns, hver í sínum hreppi. Fara þeir með lögregluvald, annast innheimtu opinberra gjalda, fógetagerðir og fleiri störf í umboði sýslumanns, svo og þau önnur störf, sem nánar kann að vera kveðið á um í lögum eða reglugerðum.

7. gr.

Hreppstjórar taka laun úr ríkissjóði í hlutfalli við íbúatölu umdæmis síns miðað við 1. desember næsta ár á undan. Reiknast launin þannig, að í hreppi með 100 íbúa eða færri eru þau 7500 kr. á ári, í hreppi með 101—150 íbúa 8400 kr., og svo framvegis, þannig að launin hækki um 900 kr. fyrir hverja 50 íbúa.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanns, að ákveða hreppstjóra hærra laun en segir í 1. mgr., ef hann fer með sýslan í kaup-túni, þar sem eru fleiri en 400 íbúar og lögreglustjóri er eigi búsettur í því kaup-túni.

Nú leggur hreppstjóri niður sýslan eða deyr, og ber honum eða búi hans þá ½2 árslæna fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hefur gegnt hreppstjórastarfi.

Sýslumenn annast greiðslu launanna, og greiðast þau eftir á, 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

8. gr.

Nú verða almennar breytingar á launum starfsmanna ríkisins, og er fjármálaráðherra þá heimilt að breyta launum hreppstjóra að sama skapi.

9. gr.

Auk hinna föstu launa samkvæmt 7. gr. hafa hreppstjórar þóknun fyrir einstök verk eftir því sem nánar segir í lögum og reglugerðum.

10. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð frekari ákvæði um hreppstjóra, störf þeirra og kjör.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá 1. júlí 1964 fer um laun hreppstjóra eftir ákvæðum þessara laga.

Jafnframt eru úr gildi numin lög um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl., nr. 85 11. júní 1938, 1., 7.—9., 12. og 13. gr., sbr. lög nr. 57 7. maí 1940 og lög nr. 75 5. júní 1947.

Gjört að Bessastöðum, 26. apríl 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á flugvél, sem aðallega væri notuð á flugleiðum innanlands. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði flugvélar með fylgifé, þó eigi fyrir hærri fjárhæð en 32 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.